

Titill brautar:	Námsleið:
Keramikbraut	viðbótarnám við framhaldsskóla

Lýsing:

Nám á keramikbraut er tveggja ára nám í leir og keramiki þar sem áhersla er lögð á að nemandinn kynnist öllum helstu aðferðum og tækni við leirvinnu, bæði gömlum og nýjum. Rík áhersla er lögð á hugmyndavinnu í tengslum við alla verklega vinnu nemandans og fræðilegt nám á brautinni miðar að því að dýpka fagþekkingu nemandans, auka vísýni hans og getu til að setja verk sín í samhengi við samfélagið og listheiminn og efla kjark til frekari rannsókna og tilrauna með miðilinn. Að loknu námi getur nemandi sótt um að ljúka BA gráðu við listaháskóla og er þá undir viðkomandi háskóla komið hvort og að hve miklu leyti námið er metið til háskólaeininga.

GRUNNUPPLÝSINGAR MEGINATRIÐI BRAUTARLÝSINGAR

Inntökuskilyrði:

Inntökuskilyrði á brautina er stúdentspróf af listnámsbraut eða sambærileg menntun. Umsækjendur skila inn skissubókum og möppu með sýnishornum af eigin verkum. Umsækjendur eru ennfremur kallaðir í viðtal við inntökunefnd.

Skipulag:

Nám á keramikbraut er 120 framhaldsskólaeiningar þar sem nemandi tileinkar sér hæfni á fjórða þrepi. Námið skiptist í fjórar annir og er unnið er út frá ákveðnum grunnpætti á hverri um sig. Möguleikar viðfangsefnisins eru skoðaðir frá ýmsum sjónarhornum og tilraunir gerðar með nýjar leiðir að efni og aðferðum. Vettvangur er skapaður fyrir frjóa umræðu og fræðimenn og fagfólk úr ólíkum áttum er fengið til að varpa ólíku ljósi á námsefnið og draga fram tengsl þess við sögu og samfélag. Á hverri önn fer samhliða fram kennsla í hugmyndavinnu og verkstæðisvinnu en milli þeirra áfanga er mikið flæði þar sem þróun verka og hugmynda haldast í hendur. Í lok annar vinnur nemandi sjálfstætt að eigin verkum. Námið er að stórum hluta verklegt en u.þ.b. fjórðungur af öllum áföngum er fræðilegt nám. Til fræðilegra áfanga teljast fagsaga, hönnunarsaga, listasaga og málstofa sem er vettvangur fyrir margvíslega umræðu um greinina, auk þess sem nemendur fá innsýn í heimspeki, fjármál og fjalla

á gagnrýninn hátt um mál sem brenna á samfélaginu á hverjum tíma. Með þessu er leitast við að skoða keramikið í stærra samhengi og víðara ljósi. Áfangar eru ýmist kenndir yfir alla önnina eða í styttri lotum.

Námsmat

Námsmat tekur mið af þeim námsmarkmiðum sem sett eru fram í áfangalýsingu. Í kennslulýsingu er kveðið á um verkefnaskil og með hvaða hætti mat verður lagt á vinnu nemenda í áfanganum. Umgjörð námsmats er útfærð í skólanámskrá en námsmat við skólann byggir á símati með áherslu á fjölbreyttar matsleiðir til að mæta ólíkum þörfum nemenda. Í verklegu námi tekur matið í senn til hæfni nemenda í viðkomandi grein og getu þeirra til að tjá sig og fjalla um viðfangsefnið skriflega, munnlega eða með öðrum hætti. Auk einkunnar fá nemendur leiðbeinandi umsögn við lok flestra áfanga. Í samráði við námsráðgjafa eru fundnar leiðir til úrlausnar verkefna fyrir nemendur sem greindir hafa verið með tiltekna námsörðugleika.

Starfsnám:

Reglur um námsframvindu:

Til að ljúka áfanga þarf nemandi að fá einkunnina 5. Nánar er kveðið á um námsframvindu og ástundun í skólanámskrá.

Hæfniviðmið:

Að loknu námi skal nemandi hafa hæfni til að ...

- vinna sjálfstætt að skilgreindum verkefnum
- vinna markvisst að þróun hugmynda
- beita faglegum vinnubrögðum
- eiga í góðum mannlegum samskiptum og geta unnið í nánu samstarfi við aðra
- miðla upplýsingum um eigin hugmyndir og verk með greinargóðum hætti
- viðhalda þekkingu sinni og þjálfun í faginu með því að fylgjast með nýjungum
- taka þátt í og fylgjast með umræðu á sínu sviði
- þekkja starfs- og viðskiptaumhverfi í sínu fagi
- þekkja fjölbreyttar leiðir til að koma verkum sínum á framfæri
- sýna ábyrgð gagnvart samfélagi og umhverfi
- umgangast vandmeðfarin efni af ábyrgð
- umgangast verkfæri og tæki og viðhalda verkstæði af ábyrgð og skynsemi

Annir, áfangar, einingar

Handmótun		Einingar
HUGM4KH03	Handmótun	3
KERA4HM09	Handmótun	9
LIST4NL02	Listasaga, nútímalist	2
MÁLS4KH04	Handmótun	4
MÓDE4KM05	Módelteikning og -mótun	5
SAGA4KU03	Saga keramíks	3
VSTÆ4KH04	Handmótun	4
		30
Yfirborð, glerungur, brennsla		
HUGM4KY03	Yfirborð, glerungur, brennsla	3
KERA4GB07	Yfirborð, glerungur, brennsla	7
EFNA4KE04	Keramíkefnafræði	4
MAPP4SF04	Starfsþróun, myndvinnsla og ferilmappa	4
TEIK4TP04	Stafræn teikning og prentun	4
MÁLS4KY04	Yfirborð, glerungur, brennsla	4
VSTÆ4KY04	Yfirborð, glerungur, brennsla	4
		30
Rennsla		
HUGM4KR03	Rennsla	3
HÖNS4AH03	Hönnunarsaga	3
KERA4RS10	Rennsla	10
MÁLS4KR04	Rennsla	4
NÁMS4NF05	Námsferð	5
TEIK4TS01	Skissuvinna	1
VSTÆ4KR04	Verkstæði, rennsla	4
		30
Gifsmótagerð og framleiðsla		
HUGM4KG03	Gifsmótagerð og framleiðsla	3
KERA4GF11	Gifsmótagerð og framleiðsla	11
LIST4SL02	Samtímalist	2
MÁLS4KG04	Framleiðsla, hönnun	4
SAGA4KN03	Saga keramíks, nútíminn	3
TEIK4SB03	Skissubók	3
VSTÆ4KG04	Gifsmótagerð og framleiðsla	4
		30
Einingar brautar alls		120

Áfangar á keramikbraut:

Námsgrein: Efnafræði

EFNA4GL04 Glerungaefnafræði

Lýsing

Í áfanganum öðlast nemandinn haldbæra þekkingu á virkni grunnhráefna til glerungagerðar og öryggisþáttum í umgengni við þau, tilgangi glerjunar og mismunandi flokkum glerunga. Nemandi kynnist blöndun ólíkra glerunga og hvernig má með breytingum á efnainnihaldi ná fram tilteknum eðlisbreytingum. Námið er að hluta bóklegt og að hluta fólgið í tilraunum. Unnið er með hábrennda glerunga fyrir steinleir og fjölbreytt litarefni. Markmiðið er að nemandinn verði fær um að blanda glerunga eftir tilbúnum uppskriftum, öðlist færni í að laga uppskriftir eftir þörfum og kunni að lesa í þær eftir útliti og eiginleikum glerungsins. Í áfanganum er lögð sérstök áhersla á að nemandinn kynnist eðli og eiginleikum íslenskra jarðefna sem nýtanleg eru til glerungagerðar. Farið er í ferð til að afla gosösku, vikurs, leirs og annarra jarðefna sem nýta má til glerungagerðar. Nemandinn fær innsýn í jarðsögulegt samhengi efnisins og gerir tilraunir með fjölbreyttar vinnsluaðferðir, íblöndun annarra efna, brennslu o.fl. til að kynnast eiginleikum, möguleikum og mörkum efnisins. Rík áhersla er lögð á skráningu á ferli.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- uppbyggingu og flokkun glerunga
- helstu glerungahráefnum og eðliseiginleikum þeirra og öryggisþáttum í umgengni við þau
- markvissum aðferðum í þróun glerungs með tilraunum
- áhrifum ólíkra brennsluaðferða á glerung
- uppruna gosefna og annarra jarðefna í íslenskri náttúru á jarðfræðilegum forsendum
- áhrifum ýmissa efna úr umhverfinu á leir og önnur jarðefni

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilgreina og flokka glerunga
- velja hráefni í glerung á forsendum efnafræðilegra eiginleika
- glerja leirhluti
- brenna glerunga við mismunandi hitastig
- nýta sér fjölbreyttar aðferðir og efni til að komast að niðurstöðum í tilraunaferli
- vinna á markvissan og sjálfstæðan hátt við skráningu tilraunaferlis

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilgreina helstu ástæður fyrir og bregðast við gallamyndun í glerungum
- búa til glerung sem hefur til að bera sérstöðu og möguleika á áframhaldandi þróun
- greina möguleika jarðefna og kanna nýjar leiðir við gerð glerunga

Námsgrein: Hugmyndavinna

HUGM4KH03 Handmótun

Lýsing

Í áfanganum er unnið með sköpunarkraft og hugmyndaauðgi. Nemandinn kynnist hefðbundnum verkfærum og skapandi rannsóknaraðferðum í þrívíðri hugmyndavinnu og tileinkar sér persónlegar vinnuaðferðir. Nemandinn kannar fjölbreyttar leiðir til útfærslu í vinnu með keramik og leysir ýmis verkefni til að víkka sýn sína á hugmynd og þróa í myndræna útfærslu. Sérstök áhersla er lögð á hugmyndavinnu í tengslum við sköpun handmótaðra verka úr keramiki.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- eiginleikum ólíkra verkfæra og áhalda í þrívíðri hugmyndavinnu
- helstu hugtökum um hugmyndavinnu
- mikilvægi skrásetningar og skissuvinnu í þróun og söfnun hugmynda
- mikilvægi hugmynda í vinnu með keramik

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita fjölbreyttum aðferðum við hugmyndavinnu, svo sem hugmyndasöfnun, skrásetningu og skissuvinnu með myndum og texta
- að þróa hugmyndir sínar og vinna úr þeim með skapandi hætti
- vinna með hugmyndir sínar í skipulögðu ferli
- setja fram hugmyndir á myndrænu formi

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera sér grein fyrir hvernig hugmyndavinna gagnast í skapandi vinnu
- gera grein fyrir hugmyndavinnu og ferli við sköpun verks
- nýta mismunandi rannsóknaraðferðir í þrívíðri hugmyndavinnu
- nýta skapandi rannsóknaraðferðir til þess að bæta persónuleg efnistöð sín í vinnu með keramik

HUGM4KY03 Yfirborð, glerungur, brennsla

Lýsing

Í áfanganum er unnið með sköpunarkraft og hugmyndaauðgi. Nemandinn kynnist hefðbundnum verkfærum og skapandi rannsóknaraðferðum í þrívíðri hugmyndavinnu og tileinkar sér persónlegar vinnuaðferðir. Nemandinn kannar fjölbreyttar leiðir til útfærslu í vinnu með keramik og leysir ýmis verkefni til að víkka sýn sína á hugmynd og þróa í myndræna útfærslu. Sérstök áhersla er lögð á hugmyndavinnu í tengslum við sköpun handmótaðra verka úr keramiki.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- eiginleikum ólíkra verkfæra og áhalda í þrívíðri hugmyndavinnu
- helstu hugtökum um hugmyndavinnu
- mikilvægi skrásetningar og skissuvinnu í þróun og söfnun hugmynda
- mikilvægi hugmynda í vinnu með keramik

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita fjölbreyttum aðferðum við hugmyndavinnu, svo sem hugmyndasöfnun, skrásetningu og skissuvinnu með myndum og texta
- að þróa hugmyndir sínar og vinna úr þeim með skapandi hætti
- vinna með hugmyndir sínar í skipulögðu ferli
- setja fram hugmyndir á myndrænu formi

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera sér grein fyrir hvernig hugmyndavinna gagnast í skapandi vinnu
- gera grein fyrir hugmyndavinnu og ferli við sköpun verks
- nýta mismunandi rannsóknaraðferðir í þrívíðri hugmyndavinnu
- nýta skapandi rannsóknaraðferðir til þess að bæta persónuleg efnistöð sín í vinnu með keramik

HUGM4KR03 Rennsla

Lýsing

Í áfanganum er unnið með sköpunarkraft og hugmyndaauðgi. Nemandinn kynnist hefðbundnum verkfærum og skapandi rannsóknaraðferðum í þrívíðri hugmyndavinnu og tileinkar sér persónlegar vinnuaðferðir. Nemandinn kannar fjölbreyttar leiðir til útfærslu í vinnu með keramik og leysir ýmis verkefni til að víkka sýn sína á hugmynd og þróa í myndræna útfærslu. Sérstök áhersla er lögð á hugmyndavinnu í tengslum við sköpun verka á rennibekk.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- eiginleikum ólíkra verkfæra og áhalda í þrívíðri hugmyndavinnu
- helstu hugtökum um hugmyndavinnu
- mikilvægi skrásetningar og skissuvinnu í þróun og söfnun hugmynda
- mikilvægi hugmynda í vinnu með keramik

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita fjölbreyttum aðferðum við hugmyndavinnu, svo sem hugmyndasöfnun, skrásetningu og skissuvinnu með myndum og texta
- að þróa hugmyndir sínar og vinna úr þeim með skapandi hætti
- vinna með hugmyndir sínar í skipulögðu ferli
- setja fram hugmyndir á myndrænu formi

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera sér grein fyrir hvernig hugmyndavinnu gagnast í skapandi vinnu
- gera grein fyrir hugmyndavinnu og ferli við sköpun verks
- nýta mismunandi rannsóknaraðferðir í þrívíðri hugmyndavinnu
- nýta skapandi rannsóknaraðferðir til þess að bæta persónuleg efnistöð sín í vinnu með keramik

HUGM4KG03 Gifsmótagerð og framleiðsla

Lýsing

Í áfanganum er unnið með sköpunarkraft og hugmyndaauðgi. Nemandinn kynnist hefðbundnum verkfærum og skapandi rannsóknaraðferðum í þrívíðri hugmyndavinnu og tileinkar sér persónlegar vinnuaðferðir. Nemandinn kannar fjölbreyttar leiðir til útfærslu í vinnu með keramik og leysir ýmis verkefni til að víkka sýn sína á hugmynd og þróa í myndræna útfærslu. Sérstök áhersla er lögð á hugmyndavinnu í tengslum við framleiðslu hluta í gifsmótum.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- eiginleikum ólíkra verkfæra og áhalda í þrívíðri hugmyndavinnu
- helstu hugtökum um hugmyndavinnu
- mikilvægi skrásetningar og skissuvinnu í þróun og söfnun hugmynda
- mikilvægi hugmynda í vinnu með keramik

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita fjölbreyttum aðferðum við hugmyndavinnu, svo sem hugmyndasöfnun, skrásetningu og skissuvinnu með myndum og texta
- að þróa hugmyndir sínar og vinna úr þeim með skapandi hætti
- vinna með hugmyndir sínar í skipulögðu ferli
- setja fram hugmyndir á myndrænu formi

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera sér grein fyrir hvernig hugmyndavinna gagnast í skapandi vinnu
- gera grein fyrir hugmyndavinnu og ferli við sköpun verks
- nýta mismunandi rannsóknaraðferðir í þrívíðri hugmyndavinnu
- nýta skapandi rannsóknaraðferðir til þess að bæta persónuleg efnistöð sín í vinnu með keramik

Námsgrein: Hönnunarsaga

HÖNS4AH03 Almenn hönnunarsaga

Lýsing

Markmið áfangans er að nemandinn dýpki skilning sinn á samhengi sögu og samtíðar og jafnframt á mikilvægi þess að nýta þekkingu sína á sögu hönnunar í eigin hönnunavinnu. Stiklað er á stóru í almennri hönnunarsögu frá iðnvæðingu til okkar tíma en megináhersla lögð á 20. aldar hönnun. Nemandinn kynnist helstu stefnum og stílgerðum og rannsakar þróunina í ljósi aðstæðna og tíðaranda hverju sinni. Nemandinn kynnist jafnframt helstu frumkvöðlum í listhandverki og hönnun á 20.öld. Áfanginn veitir nemandanum tækifæri til að öðlast góða yfirsýn yfir söguna, verða betur læs á manngert umhverfi og eiga auðveldara með að setja það í samhengi við fagsögu og almenna sögulega þróun.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- almennri sögu hönnunar og listhandverks frá iðnvæðingu til okkar tíma
- samhengi íslenskrar og alþjóðlegrar hönnunarsögu

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- fjölbreyttum leiðum til að setja fram þekkingu og miðla til annarra
- vinna í samvinnu við aðra að verkefnum og kynningum með sameiginleg markmið hópsins að leiðarljósi
- nota heimildir á faglegan hátt og skrifa lipran texta í skriflegum verkefnum

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tengja þekkingu sína og skilning á sögu hönnunar við orðræðu og tíðaranda samtímans
- draga eigin ályktanir og rökstyðja þær á sjálfstæðan hátt
- styrkja sérstöðu eigin verka með því að setja þau í faglegt og sögulegt samhengi

Námsgrein: Keramik

KERA4GB07 Yfirborð, glerungur, brennsla

Lýsing

Í áfanganum kynnist nemandinn og öðlast þjálfun í að beita fjölbreyttum aðferðum til að loka yfirborði og skreyta hluti úr leir og postulíni. Nemandinn kynnist fjölbreyttum brennsluaðferðum og gerir tilraunir með samvirkni ólíkra efna, hita og tímalengd brennslu, hversu oft hlutur er brenndur og á hvaða stigi hver verkþáttur er unninn. Lögð er áhersla á að nemandinn vinni sjálfstætt og þroski vinnubrögð sín á grundvelli fagurfræði og persónulegs smekks. Í gegnum vinnuferlið heldur nemandinn dagbók þar sem hann skráir allar niðurstöður úr glerungavinnunni.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- tilganginum með því að loka yfirborði leirhlutar
- helstu aðferðum við skreytingu hluta úr leir og postulíni
- áhrifum ólíkra skreyti- og brennsluaðferða á glerung

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skreyta yfirborð hluta úr leir og postulíni með margvíslegum aðferðum
- velja skreytiaðferð, glerung og önnur efni á forsendum samvirkni efnafræðilegra eiginleika
- brenna keramik með ólíkum aðferðum við mismunandi hitastig

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- ganga frá hlut úr keramiki þannig að hann þjóni sínum tilgangi og skreyta hann á persónulegan hátt

KERA4GF11 Gifsmótagerð og frameiðsla

Lýsing

Í áfanganum kynnist nemandinn aðferðum við að búa til frummót og afsteypumót úr gífsi til framleiðslu á verkum úr postulíni og leir. Nemandinn öðlast bæði þjálfun í að vinna margvísleg og flókin frummót og mót á gífsrennibekk og að beita ýmsum handmótunaraðferðum við gerð gífsmóta. Nemandinn lærir grunnatriði við notkun og meðhöndlun á gífsi og tileinkar sér vinnuaðferðir og góða umgengni á gífsverkstæði. Nemandinn öðlast enn fremur þjálfun í að hella postulíni í gífsmót sem er algenga aðferð til að steypa postulínshluti til framleiðslu. Lögð er áhersla að nemandinn læri af samnemendum jafnt sem kennara og skrái eigið vinnuferli og samnemenda á skýran og skipulegan hátt í tæknibók.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- fjölbreyttum tæknaðferðum við gerð flókinna gífsmóta
- notkun gífsrennibekkja við gerð gífsmóta
- ýmsum handmótunaraðferðum við gerð gífsmóta
- gerð postulínshluta sem steiptir eru í gífsmóti
- mikilvægi góðra vinnuaðferða og umgengni á gífsverkstæði
- framsetningu á fullunnu verki

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- leysa ýmis tæknileg vandamál við gifsmótagerð
- nota gífsrennibekk við gerð gífsmóta
- beita ýmsum handmótunaraðferðum við gerð gífsmóta
- steypa postulínshluti í gífsmóti

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nota gífsrennibekk eða handmótunaraðferðir til að búa til afsteypumót og skapa þannig persónuleg og áhugaverð verk
- þróa og framleiða hluti samkvæmt eigin hugmynd og kröfum annarra

KERA4HM09 Handmótun

Lýsing

Unnið er með fjölbreyttar gerðir af leir og efni sem tengist og blandast honum. Lögð er áhersla á ýmsar handmótunaraðferðir s.s. slöngutækni og plötutækni við byggingu þrívíðra verka. Nemandinn kynnist fornum skreytiaðferðum og frumstæðum jarðbrennslum. Áhersla er lögð á að nemandinn kynnist eðli og eiginleikum íslenskra jarðefna. Farið er í efnisöflunarleiðangur á leirrík svæði. Nemandinn öðlast innsýn í jarðsögulegt samhengi efnisins og gerir tilraunir með fjölbreyttar vinnsluaðferðir, íblöndun annarra efna, brennslu o.fl. til að kynnast möguleikum og mörkum

efnisins. Skissubók er rauður þráður í gegnum allan áfangann, þar sem nemandinn skráir tækniferli og tilraunir, ásamt hugmyndavinnu.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- meðhöndlun leirs, s.s. hnoðun, mótun og þurrkun
- grundvallaratriðum við handmótun leirs
- helstu skreytiaðferðum sem hæfa ólíkum tegundum leirs
- helstu áhöldum sem notuð eru við handmótun leirs
- uppruna leirs og annarra jarðefna í íslenskri náttúru á jarðfræðilegum forsendum
- áhrifum ýmissa efna úr umhverfinu á leir og önnur jarðefni
- ýmsum brennsluáðferðum sem hæfa mismunandi tegundum af leir
- hlutverki tæknibókar í tengslum við skráningu og heimildavinnu

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- meðhöndla leir, hnoða, móta og þurrka
- beita helstu aðferðum við handmótun
- beita helstu áhöldum sem notuð eru við handmótun leirs
- beita helstu skreytiaðferðum sem hæfa leir
- nota fjölbreyttar brennsluáðferðir
- nota tæknibók til skráningar og sem heimild

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- meðhöndla og vinna leir samkvæmt hefðbundnum og viðurkenndum aðferðum
- nota helstu handmótunaraðferðir við gerð leirverka
- nota viðeigandi áhöld við handmótun leirverka
- skreyta leirhluti sína á persónulegan hátt með helstu skreytiaðferðum
- greina möguleika íslenskra jarðefna
- kanna nýjar leiðir við vinnslu og brennslu á mismunandi leirtegundum
- velja leirverki viðeigandi brennsluáðferð
- nýta tæknibók sem heimild og uppfléttirit

KERA4RS10 Rennsla

Lýsing

Markmið áfangans er að nemandinn kynnist undirstöðum leirrennslu og öðlist þjálfun í helstu aðferðum og tækni sem beitt er á leirrennibekk. Nemandinn lærir að hnoða, miðja, gang frá botni, opna og renna upp, renna af og ganga frá hlut og eftir því sem á áfangann líður kynnist nemandinn flóknari aðferðum og tækni, s.s. eins og að renna eftir málsettum vinnuteikningum. Áhersla er lögð á vönduð og skipulögð vinnubrögð en jafnframt er mikilvægt að nemandinn tileinki sér þá hugsun að rennibekkurinn sé tæki til sköpunar, ekki síður en tækniþjálfunar. Nemandinn er þannig hvattur til að hugsa sjálfstætt og þróa eigin aðferðir og nálgun við rennsluna. Nemandinn öðlast jafnframt þjálfun í að endurvinnna leir.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- tæknilegum undirstöðuatriðum rennslu á leirrennibekk
- rennibekknunum sem tæki til listrænnar sköpunar
- helstu verkfærum sem notuð eru við rennslu leirs á leirrennibekk
- aðferðum til endurvinnslu á leir

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- hnoða og endurvinnna leir
- miðja, opna og renna upp einfaldan sívalning
- renna af og ganga frá renndum hlut
- renna eftir málsettum teikningum
- renna fjölbreytt form í mismunandi stærðum

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skapa persónuleg og áhugaverð verk á rennibekknunum

Námsgrein: Listasaga

LIST4NL02 Nútímalist

Lýsing

Markmið áfangans er að dýpka skilning nemandans á tengslum sögu og samtíðar og efla hæfni hans í að nýta þekkingu sína á listasögunni í verklegu námi og framtíðarlistsköpun. Sjónum er beint að tímabilinu frá miðri 19. öld og fram yfir seinni heimsstyrjöld og fjallað um helstu strauma og stefnur í myndlist og rýnt í fjölpætt efnistöð, tækni og aðferðir. Áhersla er lögð á að varpa ljósi á áhrif þessa tímabils á myndlist, hönnun og listhandverk dagsins í dag. Nemandinn kynnist ýmsum lykilverkum myndlistarinnar og tengir við helstu stefnur og strauma á tímabilinu og dýpkar jafnframt hæfni sína í að fjalla um sjónlistir á gagnrýninn og fræðilegan hátt.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu lykilverkum vestrænnar lista- og hönnunarsögu frá iðnbyltingu og fram yfir seinni heimsstyrjöld
- samhenginu milli sögu og samtíðar
- fjölbreyttu orðfæri og hugtökum um listir og hönnun

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- greina verk út frá sjónrænum þáttum á gagnrýninn og uppbyggilegan hátt
- greina áhrif sögunnar á verk og hugmyndir í samtímanum
- fjalla um sjónlistir á gagnrýninn og fræðilegan hátt

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- fjalla af þekkingu og víðsýni um helstu lykilverk lista- og hönnunarsögu frá iðnbyltingu fram yfir síðari heimsstyrjöld
- skrifa skýran, fræðilegan og greinandi texta um samhengi sögu og samtíma og taka þátt í gagnrýninni umræðu um menningu, listir og sögu
- beita þekkingu sinni á listasögunni í verklegu námi og í framtíðarlistsköpun á sínu sviði

LIST4SL02 Samtímalist

Lýsing

Markmið áfangans er að dýpka skilning nemandans á tengslum sögu og samtíðar og efla hæfni hans í að nýta þekkingu sína á listasögunni í verklegu námi og framtíðarlistsköpun. Sjónum er beint að tímabilinu frá 1960 til dagsins í dag og fjallað um helstu strauma og stefnur í myndlist og rýnt í fjölpætt efnistöð, tækni og aðferðir. Áhersla er lögð á að varpa ljósi á áhrif þessa tímabils á myndlist, hönnun og listhandverk samtíðarinnar. Nemandinn kynnist ýmsum lykilverkum myndlistarinnar og tengir við helstu stefnur og strauma á tímabilinu og dýpkar jafnframt hæfni sína í að fjalla um sjónlistir á gagnrýninn og fræðilegan hátt.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu lykilverkum vestrænnar lista- og hönnunarsögu á tímabilinu frá 1960 til dagsins í dag
- samhenginu milli sögu og samtíðar
- fjölbreyttu orðfæri og hugtökum um listir og hönnun

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- greina verk út frá sjónrænum þáttum á gagnrýninn og uppbyggilegan hátt
- greina áhrif sögunnar á verk og hugmyndir í samtímanum
- fjalla um sjónlistir á gagnrýninn og fræðilegan hátt

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- að fjalla af þekkingu og víðsýni um helstu lykilverk lista- og hönnunarsögu á tímabilinu frá 1960 til dagsins í dag
- skrifa skýran, fræðilegan og greinandi texta um samhengi sögu og samtíma og taka þátt í gagnrýninni umræðu um menningu, listir og sögu
- beita þekkingu sinni á listasögunni í verklegu námi og í framtíðarlistsköpun á sínu sviði

Námsgrein: Möppugerð

MAPP4SF04 Starfsþróun, myndvinnsla og ferilmappa

Lýsing

Markmið áfangans er að nemandinn tileinki sér aðferðir til að halda utan um eigin náms- og starfsferil og hafa yfirsýn yfir eigin verk. Nemandinn fær leiðsögn í að taka myndir af verkum sínum og vinna með þær á viðeigandi hátt. Unnið er með myndvinnsluforrit sem gera kleift að lagfæra myndir og helstu hugtök sem notuð eru um vinnuna eru kynnt. Nemandinn fær leiðbeiningar um hvernig skanna á myndir og meðhöndla skrár ásamt því að vista verk sín með hliðsjón af því verkefni sem unnið er að hverju sinni og fyrir hvaða miðil það er ætlað. Nemandinn fær aðstoð við að hanna möppu, setja upp ferilskrá og rita texta um eigin námsferil og verk. Fjallað er um höfundarrétt og siðfræði myndhöfunda. Áhersla er lögð á persónuleg vinnubrögð og að nemandinn leggi sjálfstætt mat á eigin vinnu og velji lykilverk til að koma á framfæri í möppu.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mismunandi aðferðum við að ljósmynda verk eftir eðli þeirra
- helstu verkfærum og eiginleikum myndvinnsluforrita
- mikilvægum þáttum í frágangi mynda, s.s. upplausn og skráarsniði
- helstu hugtökum sem notuð eru um myndvinnslu í tölvu
- mikilvægi þess að halda skrá um verkefni og verk
- fjölbreyttum aðferðum við að hanna möppu
- mikilvægi þess að velja gott úrval verka í möppu
- réttindum og skyldum myndhöfunda

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- ljósmynda verk sín
- vinna með myndir í myndvinnsluforriti
- skanna myndir og vista á réttu sniði með hliðsjón af verkefni og miðli
- beita viðeigandi hugtökum í umfjöllun um myndvinnslu í tölvu
- halda utan um og skrá verk sín
- hanna möppu
- setja upp ferilskrá og skrifa yfirlýsingu listamanns

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nota myndvinnsluforrit við vinnslu, flutning og geymslu mynda
- velja lykilverk úr eigin verkum til að setja í möppu
- hanna möppu sem hentar eigin verkum
- afla nýrra verkefna á grundvelli starfsferils síns
- umgangast verk annarra höfunda á heiðarlegan og löglegan hátt
- þekkja styrk sinn og huga að eigin starfsþróun

Námsgrein: Málstofa

MÁLS4KH04 Handmótun

Lýsing

